

Alþingi
Erindi nr. P 135/118
komudagur 8.11.2007

Til Alþingis, berist til Allsherjarnefndar.

Frá Stjórn Vesturlandsskóga.

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Þskj. 131.

Stjórn Vesturlandsskóga gerir þá meginathugasemd við XVII. kafla frumvarpsins (sbr. þskj. 131), að þar er gert ráð fyrir flutningi Skógræktar ríkisins að mestu leyti til umhverfisráðuneytisins, en þó kemur fram í almennum athugasemdum með frumvarpinu, að fjármagn, sem varið hefur verið til “hagnýtra rannsóknaverkefna á sviði landbúnaðar, sem nú eru á viðfangsefni 04-321-1.10 Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá”, verði vistað í sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti. Síðan er talað um samningsgerð milli hinna tveggja ráðuneyta, sem hér koma við sögu, í samráði við Bændasamtök Íslands um að “Rannsóknastöðin á Mógilsá annist tiltekna rannsóknir í þágu landbúnaðar fyrir a.m.k. andvirði þeirrar fjárhæðar árlega með sama hætti og verið hefur til þessa”.

Þessi athugasemd á engan rétt á sér, þar sem með henni er látið ranglega í það skína, að einhverjum hluta af ráðstöfunarfé Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá hafi á undanförunum árum verið varið til “rannsókna í þágu landbúnaðar”. Fyrir þessu er sá flugufótur, að skógrækt getur vissulega talist landbúnaður. Hins vegar væri hægt að lesa út úr þessum texta og samhengi hans, að Rannsóknastöðin eigi áfram, sem fyrr (sic), að verja hluta af rekstarfé sínu til einhverra óskilgreindra landbúnaðarrannsókna, annarra en skógræktar. Þarna er einhver ruglingur á ferðinni, sem býður heim hættu á, að fjármagn, sem varið hefur verið til skógræktarrannsókna á undanförunum árum, muni í framtíðinni í einhverjum mæli renna til rannsókna á öðrum sviðum en skógræktar. **Stjórn Vesturlandsskóga leggur þunga áherslu á, að allt það fjármagn, sem veitt hefur verið til Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá, fylgi henni yfir í umhverfisráðuneytið, óskert!** Raunar er full þörf á því að auka á komandi árum við það fé, sem veitt hefur verið til skógræktarrannsókna, eins og full ástæða er til að auka umfang skógræktar á jörðum bænda, sem er einn helsti vaxtarbroddur íslensks landbúnaðar í dag.

Við leggjum líka til, að **25. grein laganna orðist þannig: “IV.kafli laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum falli niður.”**

Eftir að sett hafa verið lög um landshlutaverkefni í skógrækt, er þessi kafli skógræktarlaganna gjörsamlega úreltur.

Loks vill stjórn Vesturlandsskóga benda á, að í athugasemdum með frumvarpinu frá fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins, sem birtar eru í fylgiskjali með frumvarpinu, segir: *“Markmið þessara aðgerða er að laga stjórnýsluna og verkefni ráðuneyta betur að þörfum nútímans og að ráðuneyti verði öflugar og skilvirkar einingar þar sem skyldum málaflokkum er skipað saman undir eina stjórn.”*

Við lýsum okkur sammála þessari athugasemd og viljum því óska eftir, að Lögum um landshlutaverkefni í skógrækt (95/2006) verði nú við þau tímamót, sem felast í setningu laga á grundvelli þskj. 131, breytt á þann veg, að flytji Landshlutaverkefnin yfir í umhverfisráðuneytið, enda teljum við, að sáttmáli ríkisstjórnarflokkanna frá því í vor, kveði á um slíkt hið sama. Altént er ótækt, að vista hluta málaflokksins í einu ráðuneyti og aðra hluta í öðru. Stærð málaflokksins, hvort sem mælt er í árlegum fjárveitingum eða stöðugildum innan stjórnkerfisins, leyfir ekki, að honum sé sundrað með þeim hætti, sem hér er lagt upp með. Öðru vísi verður sjálfum markmiðum laga á grundvelli þskj. 131 heldur ekki náð, sbr. fyrrgreinda athugasemd fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins.

Við leggjum því til, að eftirtöldum breytingum á lögum nr. 95/2006 verði bætt í “Bandorminn”:

Að 3. grein verði breytt þannig, að í fyrstu málsgrein komi “Umhverfisráðherra” í stað “Landbúnaðarráðherra” ; í annarri málsgrein komi “umhverfisráðuneytið” í stað “landbúnaðarráðuneytið” og í þriðju málsgrein komi “Umhverfisráðherra” í stað “Landbúnaðarráðherra”.

Í 4. gr., síðustu málsgrein komi: “umhverfisráðherra” í stað “landbúnaðarráðherra”.

Í 5. gr., fyrstu málsgrein komi “Umhverfisráðherra” í stað “Landbúnaðarráðherra” og í 3. málsgrein “Umhverfisráðherra” í stað “Landbúnaðarráðherra”.

Í 6. gr., 2. málsgrein komi “umhverfisráðherra” í stað “landbúnaðarráðherra”.

Gjört að Hvanneyri 7. nóvember 2007, fh. stjórnar Vesturlandsskóga,


Sigvaldi Asgeirsson, framkvæmdastjóri Vesturlandsskóga.



Vesturlandsskógar

Hvanneyri - 311 Borgarnes

Kt. 520400-4430

Sími: 433 7051 - Fax: 433 7055

vestskogar@vestskogar.is